

7.8.2013

Lausleg þýðing á fréttatilkynningu AGS vegna reglubundinnar umfjöllunar um stöðu efnahagsmála á Íslandi

Bakgrunnur

Íslenskt efnahagslíf er á batavegi, en eftirmál frá fyrri tímum draga úr hagvexti. Hagvöxtur – sem var 2,9% árið 2011- minnkaði í 1,6% árið 2012 meðan skuldir einkageirans drógust saman og erlend eftirspurn minnkaði. Atvinnuleysi hefur haldið áfram að minnka þrátt fyrir þetta og var 5,1% í maí, en það náði hámarki í 9,2% í september 2010.

Framvinda í afléttingu fjármagnshafta hefur verið takmörkuð. Lágur upphæðir aflandskróna hafa losnað í gegn um þær leiðir sem myndað hafa stefnu stjórnvalda í gjaldeyrismálum. Stofn óbundinna aflandskróna er þó ennþá stór og gæti stækkað umtalsvert þegar bú „gömlu bankanna“ verða leyst upp. Einnig gæti orðið aukið útlæði gjaldeyris vegna eignatilfærslu einkaaðila ef fjármagnshöftunum verður aflétt.

Verðbólga er komin niður í 3,3% í júní úr hámarkinu 18,6% í janúar 2009 en er enn yfir verðbólguþröskuldi Seðlabankans sem er 2,5%. Bankinn brást við með því að hækka stýrivexti um alls 125 punkta árið 2012 áður en það ferli hætti í nóvember á síðasta ári. Seðlabankinn hefur einnig gripið inn í gjaldeyrismarkaðinn og snúið við gengislækkun sem átti sér tímabundnar forsendur en stefndi verðlagi í hættu.

Viðleitni til að ná jöfnuði í opinberum fjármálum hefur mætt andbyr. Nú stefnir í að markmið um afkomu sem sett voru í fjárlögum náist ekki vegna minni hagvaxtar en gert var ráð fyrir, útgjaldavexti og vegna þess að tekjur af arðgreiðslum og sölu eigna hafa verið minni en búist var við. Núgildandi markmið um að ná jöfnuði árið 2014 er í hættu vegna kostnaðarsamra kosningaloforða – þar á meðal loforðum um lækkun skatta og að auka stuðning vegna skuldavanda heimilanna- en fjármögnun þeirra er enn óljós. Markmið til lengri tíma hvíla að hluta til á einstökum eða óljósum aðgerðum.

Ástand bankakerfisins hefur batnað en áhætta frá fyrri tíma er enn til staðar. Bankarnir eru vel fjármagnaðir, með góða lausafjárstöðu og eru reknir með hagnaði. Vanskilahlutföll hafa minnkað. Bankarnir eru hins vegar enn háðir skammtímafjármögnun og innstæðum sem eru fastar innan hafta á fjármagnsflutningum og óvissu varðandi verðmæti lána. Árangur hefur náðst í endurskipulagningu skulda heimila og fyrirtækja en framvinda í lausn útistandandi óvissuefna hefur verið hæg. Íbúðalánasjóður er í erfiðri fjárhagsstöðu.

Gjaldeyriforðinn er hæfilegur þar sem hlutfall brúttóforða á móti skammtímaskuldum er áfram vel yfir 100% til meðallangs tíma. Útlit er fyrir hægari vöxt, minnkandi verðbólgu og bættu stöðu í fjármálum hins opinbera og stöðu þjóðarþúsins gagnvart útlöndum. Hins vegar eru viðvarandi hættur meðal annars vegna óskipulagðrar og seinkaðrar afléttingar gjaldeyrishafta, hægari afkomubata hins opinbera og hugsanlegrar óhagstæðrar þróunar á evrusvæðinu.

Mat Framkvæmdastjórnarinnar

Framkvæmdastjórnin er ánægð með þann árangur sem náðst hefur á Íslandi frá hruninu 2008 og útliti bendir til áframhaldandi vaxtar, minnkandi verðbólgu og áframhaldandi bættri stöðu opinberra

fjármála og stöðu gagnvart útlöndum. Þrátt fyrir það bendir framkvæmdastjórnin á að arfleifð hrunsins er áskorun sem takast verður á við til að styrkja grunn varanlegs vaxtar.

Framkvæmdastjórnin leggur áherslu á mikilvægi heildstæðrar nálgunar við afléttingu hafta á fjármagnsflutninga. Hún hvetur til þess að gefin verði út tímanlega vel skilgreind stefna um losun óbundinna aflandskróna – en það er frumforsenda fyrir afléttingu haftanna. Varúðarreglur og eftirlit þarf að styrkja í aðdraganda algerrar losunar og viðbótaraðgerðir svo sem hömlur á hraða útflæðis koma einnig til greina.

Framkvæmdastjórnin er ánægð með aðgerðir Seðlabankans til að draga úr verðbólgu. Hún hvetur stjórnvöld til að halda áfram að bæta aðgerðir til að auka lausafé í ljósi veikrar stöðu stjórnþækja peningastefnunnar. Stjórnin styður áform bankans um að kaupa erlendan gjaldeyri á markaði til að bæta gjaldeyrisforðann.

Framkvæmdastjórnin lýsir yfir ánægju sinni með árangur í afkomubata í opinberum fjármálum en lýsir yfir áhyggjum vegna nýlegra lausataka. Hún leggur áherslu á mikilvægi þess að staðið sé við markmið í fjármálum til að minnka opinberar skuldir, viðhalda trausti og styðja við aðgengi að mörkuðum. Í samræmi við þetta hvetur hún stjórnvöld til að ná markmiðinu um jöfnuð árið 2014 og að byggja á varanlegri leiðum til að bæta afkomuna til meðallangs tíma. Stjórnin lýsir yfir ánægju sinni með stofnun hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar til að endurskoða opinber útgjöld og áform um setningu laga um opinber fjármál til að styrkja aga í fjármálum og aukna ábyrgð.

Framkvæmdastjórnin er sammála um að lítið svigrúm sé til lækkunar skulda heimilanna umfram það sem þegar hefur verið gert. Í þessu sambandi telur hún að áform stjórnvalda um að grípa ekki til frekari aðgerða til skuldalækkunar nema fjárhagslegt svigrúm sé til þess sé viðeigandi. Nýjar aðgerðir eiga að beinast að þeim heimilum sem ekki hafa fengið úrlausn með núgildandi aðgerðum. Stjórnin taldi mögulegt að bæta vinnuaðferðir við framkvæmd skuldaaðlögunar.

Framkvæmdastjórnin lýsir yfir ánægju með úrbætur í bankakerfinu. Þrátt fyrir það hvetur hún stjórnvöld til að takast á við áhættu vegna arfleifðar með auknu eftirliti og með því að styrkja grundvöll fjármálastöðugleika. Hún leggur einnig til að starfsemi Íbúðalánasjóðs í heild verði endurskoðuð.